

Hæfniramma Aurora-háskólanna

LOUIS: Hæfniviðmið/námsárangur í háskóla fyrir áhrif á samfélagið

LOUIS hæfniramminn er byggður á gildum samtaka bandarískra háskóla AAC&U

Kynning

LOUIS hæfniramminn er verkfæri til að styrkja almennan akademískan og persónulegan námsárangur eða lærdóm (e. learning outcomes) í námsgreinamiðuðum námskeiðum og námsleiðum í háskólanámi.

Hæfniramminn brúar bilið á milli breiðrar lýsingar á almennri hæfni sem kemur fram í hæfnirömmum og stefnuskjölum háskóla annars vegar og hins vegar greiningu og viðurkenningu á æskilegri frammistöðu nemenda sem sýnir fram hvernig slík almenn hæfni getur þróast.

LOUIS hæfniramminn gerir þetta a) með því að brjóta niður breiða hæfni í sértækari undirþætti hæfni sem nefnt er víddir og b) með því að lýsa mismunandi stigum hæfni þar sem veikleikum fækkar um leið og hæfnin verður margslungnari og þróaðri.

LOUIS hæfniramminn er byggður á gildum AAC&U sem samtökin notuðu til að próa réttmætt námsmat fyrir grunnnám í háskólum.

LOUIS hæfniramminn samanstendur af 16 mismunandi hæfniflokkum, almennum og/eða persónulegum. Kennurum sem hafa áhuga á að nota LOUIS hæfnirammann til að styrkja almennan námsárangur eða lærdóm nemenda sinna er ekki ráðlagt að vinna með alla 16 hæfniflokkana í kennslu sinni. Í hverjum hæfniflokki eru 5 eða 6 víddir sem alls eru 81.

Kennurum er ráðlagt að velja aðeins þær víddir í hverri hæfni (2 eða 3) sem höfða mest til þeirra vegna þess að:

- Þær víddir í hæfninni eru þegar hluti af náms- og kennsluferlinu í námskeiðum þeirra þó að það sé frekar undirliggjandi en á yfirborðinu
- Þeim finnst að þessar víddir í hæfninni séu verulega miklilvægar og finna sig skuldbundna til að taka mið af þeim í kennslu sinni

Þegar kennarar hafa prófað að nota LOUIS hæfnirammanna og séð hvernig árangri það skilar gætu þeir viljað bæta fleirum við síðar.

Hvernig nota ég LOUIS í kennslu?

Veldu einn af hæfniflokkunum sextán og farðu í lýsinguna á þeim hæfniflokki. Auk lýsingar á viðkomandi hæfni í víðu samhengi er hún brotin niður í 5 eða 6 víddir, sem hver um sig gerir kröfur til nemenda um að sýna fram á mismunandi færni. Flestum kennurum finnst þessar víddir sem hæfnin er brotin niður í vera miklu nær því sem gerist venjulega í námi og kennslu en almenna lýsingin.

Fyrir hverja vídd sem hæfni er brotin niður í gefur LOUIS-hæfniramminn fjórar mismunandi staðhæfingar um frammistöðu sem eru til þess gerðar að skýra framfarir nemenda í viðkomandi vídd hæfninnar og um leið draga fram veikleika sem út af standa

og þætti sem nemandi þarf að bæta sig í. Staðhæfingarnar ættu að leiðbeina nemendum í námsferli sem hjálpar þeim að ráða bót á vanhæfni og beinir þeim í átt að margslungnari og þróaðri beitingu viðkomandi hæfni.

Smellið á hverja vídd til að fara í staðhæfingarnar fjórar sem lýsa framförum í frammistöðu.